

Sendandi: Björn Ó. Vernharðsson, sálfræðingur

Pingskjal 1017 – 615. Mál

Frumvarp til laga um dómstóla.

Efni: Skipun dómara skv. frumvarpinu stenst ekki ákvæði 59. gr. stjórnarskrár.

Það vantar reglur um hagsmunaskráningu dómara í lögin.

Í framhaldi af upplýsinga innleggi Eiríks Tómassonar þann 29. Apríl síðastliðinn skráð sem Dbnr. 1390 vil ég taka eftirfarandi fram.

Eiríkur Tómasson (væntanlega hæstaréttardómarinn) sendi inn hugleiðingar Jens Peter Christensen sem birtust í Jyllandsposten þann 10. Apríl, 2016. Jens Peter fjallar þar um stjórnmalalegar deilur sem upp eru komnar í Bandaríkjunum við ráðningu á dómara við hæstarréttinum þar í landi.

Niðurstaðan hjá Jens Peter er sú að honum finnist reglurnar heima í Danmörku hugnanlegri og skil ég það þannig að Eiríkur Tómasson sé að gera orð hans að sínum.

Það má vera að stjórnmalamenn og aðrir sem sitja á þingi séu lítt eða ekki til þess hæfir að skipa dómara. Sjálfur er Eiríkur sonur eins slíks og ætti að vita betur en ég og almúginn um það.

En ef hæstaréttardómarinn hefur um það einhverja sérstaka vitneskju að alþingismönnum sé ekki treystandi að þá ber honum að koma fram með slíkar ábendingar.

Það er ekki við hæfi, þá sérstaklega fyrir hæstaréttardómara, að starfa eins og leyniskyttu, dreifandi blaðgreinum, og vera með hálfkveðnar vísur um vanhæfi stjórnmalamanna en koma ekki fram með eigin umsögn byggða á eigin röksemdarfærslu.

Málið snýst ekki um það hvað okkur gæti nú fundist hugnanlegra, heldur fjallar málið efnislega um það hvort það eigi að fara eftir íslensku stjórnarskránni eða þeirri dönsku.

Ákvæði þeirrar greinar sem fjallar um ráðningar dómara í dönsku stjórnarskránni myndi heimila þá leið sem lögð er til í frumvarpi að lögum um dómstóla. En ákvæðin í frumvarpinu standast ekki ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar.

Ég vil benda á það að Jens Peter var alveg á því að það væri ekki hlutverk hæstaréttardómara að túlka lög og reglur heldur að halda sér við laganna bókstaf.

Það er aftur á móti erfitt fyrir Eirík Tómasson. Vil ég benda á grein hans í *Afmælisriti Gauks Jörundssonar Sextugur* sem var gefið út þann 24 september 1994.

Þar á núverandi hæstaréttardómari grein þar sem hann útskýrir og túlkar ákvæði 60. Gr. stjórnarskrárinnar. Hann segir að ákvæðið sé orðrétt þannig: „Dómendur **eiga** úrskurðarvald um embættistakmörk yfirvalda.“ Telur Eiríkur að ákvæðið sé í senn torskilið og vandskýrt.

Í útgáfu Alþingis hljóðar greinin aftur á móti þannig: „Dómendur **skera** úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda.“ Það er ekki torskilið og vandskýrt.

Það ákvæði er ekki hægt að skýra með því að hér sé um beina þýðingu úr dönsku stjórnarskránni, heldur er ákvæðið alveg sjálfstæð framsetning með skýra meiningu.

Dómendur skera einfaldlega úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Til dæmis er í skattalögum kveðið á um það í ákvæði 94. gr. laga nr. 90/2003 að verði uppi ágreiningur um embættistakmörk yfirvalda að þá geti ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins leitað úrskurðar héraðsdóms. Þannig er ákvæði greinarinnar í skattalögum í fullri einingu við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Eiríkur leitar til ársins 1848 til að finna rök fyrir ákvæðinu í sinni stjórnarskrá því þá hafi frekar átt að kvarta til konungs undan valdniðslu opinberra embættismanna, en ekki sækja sinn rétt til dómars.

Ef við skoðum hvernig ákvæðið í Stjórnarskrá Eiríks væri á íslensku mannamáli að þá myndi það geta hljóðað svo: „Foreldrar **eiga** úrskurðarvald í deilum systkinanna.“

En í Stjórnarskrá okkar allra hinna yrði ákvæðið þannig: „Foreldrar **skera** úr öllum ágreiningi í deilum systkinanna.

Þannig er skýrt samræmi í ákvæði 60 gr. Stjórnarskrárinnar og ákvæðum 94. greinar laga um tekjuskatt nr. 90/2003 að ríkisskattstjóri á að leita til héraðsdóms ef uppi er ágreiningur um embættistakmörk hans í starfi.

Þegar upp kemur ágreiningur um hvort embættismenn hafi vald til aðgerða, að þá eiga þeir að leita til dómstóla, en ekki að úrskurða um það sjálfir að þeir hafi það vald, sérstaklega ef það er verið að skerða lögvörð og stjórnarskrárbundin réttindi fólks.

Það er þá mannréttindabrot hjá ríkisskattstjóra að úrskurða í valdþurrð og ætla síðan fólkinu að sækja rétt sinn síðar.

Stjórnarskrá Eiríks Tómassonar er í engu samræmi við íslensku Stjórnarskrána og skrif hans í afmælisritið var í raun aulaleg tilraun til að réttlæta mannréttindabrot og valdniðslu opinberra embættismanna á valdlausu fólkinu.

Stjórnarskrá innanríkisráðuneytisins er ekki heldur í neinu samræmi við stjórnarskrána sem er á netinu því það er ekki farið eftir henni í drögum um lög um dómstóla.

Mér er því spurn hvort það sé verið að setja lög um dómstóla sem eiga að standast ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar eða þeirrar íslensku?

Eru einhver afsláttartilboð á Alþingi á ákvæðum stjórnarskrárinnar eins og hjá bensínfélögunum sem auglýsa afslátt hægri og vinstri. Get ég fengið svona afsláttaraðgang að ákvæðum stjórnarskrárinnar? Hvar sæki ég um svona afsláttaraðgang?

Hagsmunaskráning dómara

Í framhaldi af þessu væri eðlilegt að við ráðningu dómara væri gert ítarlegt yfirlit yfir skráningu á hagsmunum dómara. Þeirri skráningu væri síðan viðhaldið við úthlutun verka.

Er til dæmis eðlilegt að dómari sem setið hefur í Barnaverndarnefnd Reykjavíkur dæmi í málum sem varða nefndina?

Dómarar eru hagsýnt fólk á góðum launum og gætu hafa erft fjármuni. Hvar eru þau með sparibaukinn sinn og hvar var hann í hruninu? Gæti það verið að dómar þeirra hafi komið við budduna hjá þeim sjálfum eins og t.d. þegar verið var að fjalla um svokölluð neyðarlög?

Dómarar eru að setja fram skoðanir á opinberum vettvangi um lifandi lög. Er lifandi lög þeirra samansafn af blaðaúrklippum, hálfkveðnum vísum, vinar og klíkugreiðum og starfi fyrir stóru hagsmunina.

Er til afleggjari af þessu lifandi tré fyrir okkur hina, eða er þetta orðið að stórri ösp sem skyggir á nábúann og tekur af honum sól og útsýni og stíflar fyrir honum holræsið?

Eru greinar þessa tré orðnar harðar og lítið um lauf?

Er það mögulegt að næstu panamalægðir gætu fellt þetta gamla og harða tré með sínar rotnar rætur?

Ég lýsi mig reiðubúinn til að mæta á fundi ef óskað er eftir í því skyni að skýra sjónarmið mín og tillögur nánar.

Reykjavík, 2. maí 2016,

Björn Vernharðsson, sálfræðingur

Sími 866-0149